



Byggðasafn Reykjanesbæjar
ársskýrsla 2005



Stekkjarkot og Íslendingur.

Hlutverk

Hlutverk safnastarfs er að safna, varðveita, skrá, rannsaka, miðla, veita almenningi aðgang að menningararfleifðinni og vekja athygli á henni. Hlutverk byggðasafna er að sinna svæðisbundnu safnastarfi sveitarfélaga.

Starfsemin

Starfsmenn safnsins á árinu voru sem hér segi:

Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður og Björn Ragnarsson starfsmaður bæði í 100% starfi. Verkefnaráðnar voru: Ásgerður Jóhannesdóttir, ljósmyndaskráning, 1. jan til 31. mars við verkefnið greining ljósmynda, í samvinnu við Svæðisvinnumiðlun Suðurnesja og Brynhildur Þórðardóttir, textílfraeðingur, varðveisla textíla og uppsetning sýningar frá 1. maí til 15. september,



Starfsmenn safnsins Björn Ragnarsson og Brynhildur Þórðardóttir í heimsókn í nýju safnahúsi í Garðinum. Báturinn er eign Byggðasafns Reykjanesbæjar hann var lánaður út í Garð, eftir umtalsverðar viðgerðir sem unnar voru undir stjórn Gunnars Marels Eggertssonar, skipasmiðs.

Fundir og ráðstefnur

Forstöðumaður sótti m.a. nokkra fundi Safnaráðs sem aðalafulltrúi FÍSOS (Félags íslenskra safna og safnmanna). Ráðstefnu Safnaráðs um menntunarhlutverk safna og fund Byggðastofnunar um verkefni á vegum NPP áætlunar á Mývatni. Forstöðumaður sótti endurmenntunarnámskeið FÍSOS og EHÍ um safnfræðslu, Farskóla FÍSOS sem haldinn var á Siglufirði og stjórnunarnámskeið á vegum Reykjanesbæjar í Bláa Lóninu. Ásamt ýmsum ördum atburðum.

Rekstur og styrkir

Heildarvelta safnsins samkvæmt fjárhagsáætlun var 13.953.505 hæsti einstaki liður áætlunar var launakostnaður. Styrkir fengust frá eftirtöldum aðilum: Safnaráð samtals 1.500.000, þar af rekstrarstyrkur kr. 1.200.000, verkefnastyrkur kr. 300.000, Þá kom inn styrkur Iðnaðarmannafélag Suðurnesja kr. 3.000.000 í tilefni 70 ára afmælis félagsins smkv samstarfssamningi þar að lútandi árið 2004.

Samstarfsverkefni

Áfram var tekið þátt í verkefninu Destination Viking, Sagalands, í samvinnu við Íslending ehf. Farnar voru tvær ferðir vegna verkefnisins, til Svíþjóðar og Færeyja. Auk þess stóðum við fyrir ráðstefnu um sögutengda ferðaþjónustu sem haldin var 8. apríl og sótti hana fjölmenni. Á undan ráðstefnunni var haldinn fundur með íslenskum samstarfsaðilum verkefnisins. Upplýsingaskilti voru kláruð og sett upp á þrem stöðum; við Íslending, Stekkjarkot og við rústasvæði í Höfnum. Þá var gefinn út bæklingur um Íslending og grein skrifuð í bók sem gefin verður úr árið 2006 af verkefninu.

Varðveisla Munasafn
Yfirlit yfir stöðu skráningar munasafns

<i>Safnkosturinn</i>							
Munasafn	2000	2001	2002	2003	2004	2005	
safnauki ársins		24	300	604	120	108	
smt skráð á árinu		6	2	380	1885	1556	
Fjöldi færslna	2356	2362	2364	2744	4629	6185	
áætluð stærð til viðbótar	5829	5823	5821	5441	3556	2000	
áætluð stærð smt.	8185	8185	8185	8185	8185	8185	
alls skráð: 2001-2005	3829						
safnauki: 2001-2005	1156						
úr fórum safns 2001-2005	2673						
						Staðan 31.12.05	
Skráning í húsum á ári	2000	2001	2002	2003	2004	2005	
Röst	314	0	1	116	590	1027	1358
Vatnsnes	1304	74	37	604	2930	1502	4064
Stekkjarkot						147	146
Duushús, bátafloki			1	59	130	6	175
Duushús, Gryfjan					325	88	88
Rammi, 88 húsið					42	37	64
Innri-Njarðvík	2			17	27		1
aðrir staðir	138	4		6	23	3	183
útlán			3	13	1	4	21
smt staðsett	1618	78	42	815	4068	2814	6100*
Óþekkt staðsetning	592	5	1	33	110	6	187

*ath eitthvað er um að margir gripir séu skráðir á sömu færsluna og í sumum tilfellum eru gripir staðsettir á fleiri en einum stað, sem skýrir að tölurnar stemma ekki við heildarfjölda færslna

Eins og sjá má hefur mikið átak verið gert í skráningu munasafns undanfarin 2 ár. Nú er skráningu muna í Röst, Vatnsnesi, Duushúsum og Stekkjarkoti lokið. Það sem eftir er eru gripir geymdir í 88 húsi, sem eru þyngstu gripir safnsins áætluð stærð nokkrir tugir. Gripir þessir voru áður geymdir í Rammahúsinu en fluttir í 88-húsið er við misstum aðstöðu okkar í Ramma. Þá er eftir að skrá gripir í Innri-Njarðvík, heimilishlutir Jórunnar Jónsdóttur. Áætluð stærð eitthvað á annað þúsund gripir og er því áætlað að samtals séu um 2000 gripir óskráðir í munasafni. Safnauki árána 2001 til 2005 einkennist einkum af tveim safnflokkum, annars vegar voru það heimilishlutir og hins vegar sjóminjar.



Frágangur smærri hluta í Vatnsnesi

Varðveisla Myndasafn

Myndasafninu er skipt í tvö megin söfn, almennt safn ljósmynda, pappírskópíur, skammstafað; MYR og hins vegar filmusafn Heimis Stígssonar, ljósmyndara skammstafað; FHS.

Yfirlit yfir stöðu skráningar myndasafns	2005	2005	2005
	MYR	FHS	smt alls
Skráður safnkostur	20.894	43.809	64.703
áætluð stærð til viðbótar	30.000	300.000	330.000
Smt alls	50.894	343.809	394.703
Aðrar upplýsingar			
myndir settar í greiningu	469		
nöfn sem komu fram í greiningu	2261		
fjöldi mynda afgreiddar vegna pantana	106		

Í fyrri tíð hafði verið gengið frá pappírskópíum með þeim hætti að myndirnar voru límdar á spjöld og síðan settar í plastvasa og raðað í möppur. Greining var handskrifuð á spjöldin. Greiningin ásamt númerum myndanna var árið 2004 til 2005 fært í tölvuskrá smt. 20.894 færslur. Töluvert er enn af ófrágengnum pappírskópíum sem að mestu magni koma frá Ljósmyndastofu Suðurnesja. Filmusafn Heimis er raðað í umslög, í hverju umslagi er ein taka sem gerir eitt númer. Í hverri töku eru frá 1 filmu upp í nokkra tugi. Vinnubók, þ.e. tökuskrá, Heimis hefur verið færð í tölvuskrá. Nokkuð auðvelt er að finna myndir í safninu út frá tökuskrá. Færslur í tölvuskrá eru 43.809.

Frágangur þessara safna er ekki viðunandi en kostur er þó að hægt er að finna myndir og koma greiningarvinnu af stað. Stefnt er að því að koma vinnu við frágang óflokkaðs efnis af stað og að setja safnkostinn í réttar umbúðir, áætlað er að það taki nokkur tvö ár að koma málum í réttan farveg og nokkur ár til viðbótar að klára verkefnið þannig að frágangur safnsins verði viðunandi.

Samningur var gerður við Heimi Stígsson ljósmyndara þar sem allur höfundaréttur af myndasafni hans var keyptur af Byggðasafninu, ásamt töluverðu magni af óflokkuðum filmum, pappírskópíum, slætum o.fl. Er Byggðasafnið þar með eini handhafi höfundarréttar á myndum Heimis Stígssonar ljósmyndara.

Sýningar og þjónusta

Opnuð var sýning undir nafni Poppminjasafns Íslands sem er í umsjón Byggðasafnsins undir nafninu *Stuð og friður* í Gryfjunni í Duushúsum, þann 17. júní 2005. Var jafnframt tekin niður afmælissýning safnsins *Milli tveggja heima*. Sýningahönnuður var Björn G. Björnsson. Fjöldi gesta alls í Duushús var 29.726 en þar eru reknir 3 sýningasalir, einn á vegum Listasafns Reykjanesbæjar, einn á vegum Byggðasafns Reykjanesbæjar og síðan er sýningin Batafloti Gríms Karlssonar í einum sal, þar eru til sýnis bátalíkon eftir Grím og sjóminjar frá Byggðasafninu. Duushúsin eru skilgreind sem menningarmiðstöð og fer þar fram auk sýningahalds, móttökur og fundir á vegum bæjarins og annarra og fjöldi tónleika. Erfitt getur verið að meta nákvæmlega fjölda gesta í hvern sal enda skoðar fólk oft sýningar um leið og það sækir tónleika og aðra viðburði. Því er hér notuð heildartala gesta í Duushúsin árið 2005. Húsin eru opin 11 mánuði ársins, daglega frá kl. 13 til 17:30.

Byggðasafnið tók þátt í aðventu dagskrá fyrir leikskólabörn og yngstu bekki grunnskólans en þar mætti Hallveig Thorlacius með “Svuntuna hennar Grýlu”. Á þann viðburð mættu 737 börn.

Stekkjarkot var með auglýstan opnunartíma frá 1. júní til 31. ágúst, miðvikudaga til sunnudaga frá kl. 13 til 16 og á öðrum tímum eftir samkomulagi. Í samvinnu við víkingaskipið Íslending sem var staðsett við húsið. Fjöldi gesta: 1339, þar af 436 skólanemendur. Jafnframt fengu allir leikskólar bæjarins lánaða þorrakistu, safnkassa um matargerð til forna og mataráhöld.

Innri-Njarðvíkurhúsið var opið eftir samkomulagi, fjöldi gesta: 317 þar af 135 skólanemar. Í samvinnu við félag leiðsögumanna á Suðurnesjum var haldið sagnakvöld á aðventu sem hófst í Innri-Njarðvíkurkirkju og fóru svo gestir yfir í Innri-Njarðvíkurhúsið að lokinni dagskrá og þáðu veitingar.

Heildarfjöldi gesta í þessi þrjú hús var því; 31.382.

Yfirlit yfir sýningahald 2001-2005

Sýningar	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi sýninga í lok árs	3	4	2	3	3
Fjöldi gesta	551	16.102	5.400	12.842	31.382